Þroskaþjálfari í grunnskólum Fjarðabyggðar

FJARÐABYGGÐ

# S T A R F S L Ý S I N G

**Yfirmaður:** Deildarstjóri sérkennslu/skólastjóra

**Stofnun / Deild:** Grunnskólar Fjarðabyggðar

1. **Stjórnskipun, ábyrgð markmið og meginviðfangsefni**

Starfið heyrir undir deildarstjóra sérkennslu/skólastjóra

2. **Meginviðfangsefni**

Vinna að þroskaþjálfun nemenda sem búa við skerðingu. Þessir nemendur fylgja jafnöldrum alla jafna en þurfa mikla aðlögun námsefnis og félagslegan stuðning.

3. **Helstu verkefni**

3.2. *Ábyrgð í starfi*

- Vinnur að áætlanagerðum, þ.m.t. skólanámskrá, bekkjaráætlunum og einstaklingsáætlunum í samráði/samstarfi við kennara, stuðningsfulltrúa, foreldra og aðra eftir því sem við á.
- Gerir færni-, þroska- og námsmat í samráði/samstarfi við kennara, þroskaþjálfa, stuðningsfulltrúa, foreldra og aðra eftir því sem við á.
- Skipuleggur þjálfunaraðstæður, velur/útbýr þjálfunar- og námsgögn og fylgir eftir settum markmiðum. Metur árangur og endurskoðar markmið í samstarfi við samstarfsaðila.
- Annast þjálfun og fræðslu um fatlanir og þroskafrávik til stuðningsfulltrúa og annarra starfsmanna skólans.
- Veitir foreldrum fatlaðra nemenda ráðgjöf og leiðbeiningar er lýtur að fötlun nemenda.
- Veitir ráðgjöf vegna fatlaðra nemenda til annarra starfsmanna skólans.
- Fræðir nemendur skólans um þroskafrávik og fatlanir eftir því sem við á.

*3.3. Teymisvinna*

- Heldur skila og samráðsfundi með starfsmönnum skólans, foreldrum og öðrum eftir því sem við á.
- Tekur þátt í kennara og starfsmannafundum.
- Situr nemendaverndarráðsfundi þegar við á.
- Er staðgengill nánasta samstarfsfólks vegna tilfallandi forfalla.

*3.4. Samskipti*

4. Mikilvægt er að þroskaþjálfi og kennari/kennarar starfi náið saman og gæti þess að verkskipting þjóni sem best öllum einstaklingum bekkjarins/deildarinnar.

*4.2. Önnur verkefni*

- Vinnur önnur þau verkefni sem skólastjóri felur honum og eðlilegt getur talist að rúmist innan verksviðs hans.

*2.1 Ábyrgð í starfi*

- Ber ábyrgð á og annast þroskaþjálfun og umönnun nemenda með fötlun.
- Ber ábyrgð á markvissum samskiptum við fjölskyldur fatlaðra nemenda.
- Ber ábyrgð á upplýsingagjöf og upplýsingaöflun vegna sérþarfa fatlaðra nemenda.

- Stendur vörð um réttindi nemenda með fötlun og stuðlar að því að þeir njóti bestu þjónustu sem möguleg er á hverjum tíma.
- Stuðlar að jafnrétti og jákvæðum viðhorfum til fatlaðra einstaklinga.
- Eflir og viðheldur fagþekkingu sinni með reglubundinni endur- og símenntun.

*2.2 Samskiptafærni og samstarfsaðilar í starfinu*

- Er í samstarfi við kennara, þroskaþjálfa og aðra starfsmenn skólans eftir því sem við á. Mikilvægt er að þroskaþjálfi eigi náið samstarf við kennara og gæti þess að verkskipting þjóni sem best öllum nemendum skólans.
- Miðlar sérþekkingu og er í samstarfi við kennara, stuðningsfulltrúa, aðra starfsmenn skólans og foreldra.
- Þroskaþjálfi er í samskiptum við aðrar stofnanir sem koma að sér málum nemenda á einn eða annan hátt og þá í samráði við skólastjóra eða aðra stjórnendur skóla.

**1. Hæfnis- og samstarfsmarkmið**

*3.1. Menntun og reynsla*

- Háskólamenntun í þroskaþjálfun eða sambærileg menntun
- Framhaldsmenntun er æskileg en ekki skilyrði.
- Góð tungumálakunnátta, íslenska og enska.
- Þekking á kennslu- og uppeldisfræði
- Hreint sakavottorð
- Þekking á helstu upplýsingakerfum.

*1.2. Hæfnisþættir*

- Forystu-, skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Sjálfstæði.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvætt viðmót og framúrskarandi samstarfshæfni.
- Geta til að taka þátt í og stjórna breytingum.
- Áhugi á að taka þátt í teymisstarfi og umbótaverkefnum.
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli.